


GILDANDI DEILISKIPULAG, ÖDLAÐIST GILDI 26.05.2021.



BREYTT DEILISKIPULAG

## Deplar - deiliskipulag

### Breyting á deiliskipulagi

Breyting á deiliskipulagi felst í eftirfarandi:

- Landamerki á milli Depla (L146791) og Depla land (L146792) eru lagfærð en skekkja var í þeim á uppdrætti gildandi deiliskipulags. Lagfæringin er austan núverandi geymslu/þjónustubyggingar sem staðsett er sunnan aðkomuvegar að Deplum. Fyrir lagfæringu liggja landamerkin með austurhlíð geymslu/þjónustubyggingar en eftir lagfæringu færast mörkin um 10 m frá langhlíð núverandi geymslu/þjónustubyggingar.
- Vegna lagfæringar á landamörkum er gerð lagfæring á skipulagsmörkum og lóðarmörkum. Lóð Depla stækkar frá því að vera 32.508 m<sup>2</sup> í 32.832 m<sup>2</sup>.
- Byggingarreitur geymslu/þjónustubyggingar (B) breytist þannig að hann liggur ekki eins langt í suður og áður en brekkar þess í stað til austurs sem er mögulegt eftir lagfæringu landamarka og lóðarmarka. Vegna þess er mögulegt að byggja við núverandi geymslu/þjónustubyggingu austan núverandi byggingar sem ekki var möguleg áður. Bætt er við skilmála að einhalla þak með lágmarks þakhalla er einnig heimilt. Uppfærða skilmála má sjá hér hér að neðan.
- Byggingarreitur eldsneytistanka og áfyllingarplana (C) hliðrast óverulega og færast hann nær byggingarreit geymslu/þjónustubyggingar (B). Þá bætis við skilmála að heimilt er að byggja yfir tankana byggingu á einni hæð með einhalla þaki með lágmarkshalla og vegghæð að hámarki 3,2m. Þá hækka hámarkshæð tanka yfir plötu úr 2,0m í 2,6m. Uppfærða skilmála má sjá hér hér að neðan.

Fyrir utan breytingar þessar gildir áfram greinargerð deiliskipulags sem öðlaðist gildi 26.05.2021

### B - Þjónustubygging

Innan byggingarreits er heimilt að endurbyggja núverandi byggingu þar sem m.a. er gert ráð fyrir aðstöðu fyrir 1-2 starfsmenn. Byggingin skal vera á einni hæð með gólfleti að hámarki 250 m<sup>2</sup>.

Þakform skal vera mænispak og þakhalli að hámarki 30°, eða einhalla þak með lágmarks þakhalla. Vegghæð er að hámarki 3,0 m og mænishæð frá aðalgólfi að hámarki 4,5 m.

Þakfletir skulu vera í fremur dökkum litum sem falla sem best inn í landslagið, eða tyrfðir. Veggfletir byggingar skulu vera í svörtum eða náttúrulegum tönum.

Staðsetning innan byggingarreits er frjáls.

### C - Eldsneytistankar og áfyllingarplön

Gert er ráð fyrir tveimur afgreiðslu- og áfyllingarplönum og fimm eldsneytistöðum á svæðinu sem eingöngu eru fyrir starfsmena á Deplum.

Þrjú tankar eru fyrir flugsteinolíu og eru þeir staðsettir við þyrlupall og vestan núverandi geymslu. Um er að ræða stáltanka með tvöföldu byrði sem hver er 9.700 lítra. Tankarnir verða ofanjarðar en fyllt að þeim með jarðvegi og eru þeir grundaðir á steypa plötu. Hámarkshæð tanka yfir plötu er 2,6m. Við tankana verður steypst afgreiðslu- og áfyllingarplan með afgreiðslutækjum. Heimilt er að byggja yfir tankana byggingu á einni hæð með einhalla þaki með lágmarkshalla og vegghæð að hámarki 3,2m.



Tveir tankar eru staðsettir við enda á bílastæði norðan aðkomuvegar. Annar tankurinn er fyrir bensín og er það 4.000 lítra stáltankur með tvöföldu byrði sem er niðurgrafinn. Hinn tankurinn er fyrir díselolíu og er það 7.500 lítra stáltankur með einföldu byrði sem einnig er niðurgrafinn. Í stað tvöfalds byrðis er settur dúkur í kringum tankinn með eftirlitsbrunni. Við tankana verður steypst afgreiðslu- og áfyllingarplan með afgreiðslutækjum ásamt þvottaplani.

Heimilt er að hafa skýli yfir afgreiðslutækjum.


Frárennsli frá dælu- og áfyllingarplönunum skal leitt í sand- og olíuskiljur. Vatn frá olíuskiljum skal fara í grjótpúkk. Olíuinnihald vökvafasans sem kemur frá olíuskilju skal ekki að vera meira en 5 mg/l.

Frágangur mengunarvarna skal unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra.

Staðsetning mannvirkja innan byggingarreita er frjáls.



1:1000



ADALSKIPULAG SKAGAFJARDAR 2009-2021  
SVEITARFÉLAGSUPDRÁTTUR

SKIPULAGSSVÆÐIÐ ER SKILGREINT MEÐ GULU HRINGTÁKNI-V1,3

### SKÝRINGAR

- — — — MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
- — — — LÓÐARMÖRK
- — — — NÚVERANDI BYGGINGAR
- — — — BYGGINGARREITUR
- A = VEIÐI- OG GISTISKÁLI
- B = ÞJÓNUSTUBYGGING
- C = ELDSNEYTISTANKAR OG ÁFYLLINGARPLÖN
- — — — AKVEGIR / BÍLASTÆÐI
- — — — VEGSLÓÐI
- — — — RAFLÍNA, 33KV
- — — — JARÐSTRENGUR
- — — — LÖGN NEYSLUVATN
- — — — LÖGN HITAVEITA
- — — — ROTPRÓ, SITURBED OG FRÁVEITULAGNIR
- — — — TRÉ- OG RUNNAR (LEIÐBEINANDI STAÐSETNING)
- — — — MINJAR

SJÁ JAFNFRAMT MEDFYLGJANDI GREINARGERÐ OG SKIPULAGS- OG BYGGINGARSKILMÁLA, DAGS. 08.01.2021.

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI SEM FENGIÐ HEFUR MÁLSMEDFERD SKV. 1. MGR. 43 GR. SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010 VAR SAMÞYKKT Í SVEITARSTJÓRN ÞANN \_\_\_\_\_

SVEITARSTJÓRI SVEITARFÉLAGSINS SKAGAFJARDAR

DEILISKIPULAGSBREYTING ÞESSI ÖDLAÐIST GILDI MEÐ AUGLÝSINGU Í B-DEILD STJÓRNARTÍÐINDA ÞANN \_\_\_\_\_

SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR  
DEPLAR - DEILISKIPULAG  
BREYTING Á DEILISKIPULAGI - TILLAGA

KVARDI-A2:	1:1000	TEIKN NR:	001
DAGS:	13.04.2022	HANNAD:	Ó/ni
FLOKKUR:	5715	TEIKNAD:	Ó/ni
SKRÁ:		VERKNR:	14075